

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð um útvarp skv. tímabundnum leyfum  
nr. 511/1986 sbr. reglugerð nr. 607/1987.**

## 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Öll leyfi til útvarps sem veitt eru fyrir árslok 1989 eða endurnýjuð fyrir þann tíma skulu renna út 31. desember 1989.

Sá sem hefur leyfi til útvarps á þessu tímabili skal greiða hlutfallslegt leyfisgjald sem skal miðast við gildistíma leyfisins.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 7. desember 1988.*

**Svavar Gestsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir  
Íslenskrar Getspár nr. 410/1988.**

## 1. gr.

1. mgr. 12. liðar 2. gr. orðist svo: Útdráttur vinninga fer fram opinberlega á laugardegi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar Getspár að viðstöddum fulltrúa hennar og undir eftirliti fulltrúa dómsmálaráðuneytisins. Beri laugardag upp á hátíðisdag er heimilt að framkvæma útdrátt næsta virka dag á undan.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26/1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1988.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*